

Indriði Gíslason, Sigurður Konráðsson og Benedikt Jóhannesson. Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur. Kennaraháskóli Íslands 1986. (Rit Kennaraháskóla Íslands. A-flokkur: Rannsóknarritgerðir og skýrslur 1.)

Fyrir u.þ.b. 10 árum tóku Indriði Gíslason, lektor við Kennaraháskóla Íslands, og Jón Gunnarsson, lektor við Háskóla Íslands, að leggja grunn að kennslu um máltöku barna við Háskólann og Kennaraháskólann, svo og viðamiklum rannsóknum á máltöku. Helstu niðurstöður þeirra rannsókna birtust árið 1986, í bók þeirri sem hér er til umfjöllunar: Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur (197 bls. auk viðauka). Höfundar hennar eru skráðir Indriði Gíslason, Sigurður Konráðsson og Benedikt Jóhannesson. Þáttur Benedikts mun einkum hafa verið tölfræðileg úrvinnsla, en erfiðara er að greina sundur þátt Indriða og Sigurðar. Þó segir í formála að úrvinnsla framburðarhlutans sé að mestu verk Sigurðar, en fleirtölukaflann hafi Indriði unnið að miklu leyti.

Rannsóknin fólst í því að valin voru 200 fjögurra ára börn, helmingur úr Reykjavík og helmingur utan borgarinnar. Þau voru síðan tekin tali, ýmist á dagheimilum eða heima hjá sér, og viðtalið tekið upp á segulband. Með viðtölunum skyldi prófa tvo þætti í málkunnáttu barnanna; annars vegar framburð þeirra á stökum samhljóðum og samhljóðaklössum, hins vegar færni þeirra í myndun fleirtölu nafnorða. Tveimur árum síðar voru sömu börnin svo leituð uppi, þá orðin sex ára, og sama prófið lagt fyrir þau. Úr þessum tveim prófum var síðan unnið, og eru niðurstöðurnar úr ýmsum þáttum þeirra settar fram í bókinni, ýmist í töflumformi eða með orðum.

Verkið skiptist í þrjú meginhluta. Sá fyrsti fjallar um framburðarprófið, annar um fleirtöluprófið, en hinn þriðji um tengsl milli frammistöðu barnanna í þessum prófum og ýmissa félagslegra þátta, s.s. búsetu, skólagöngu foreldra, dvalartíma á dagvistarheimilum o.fl.

Framburðarkafllinn er 74 síður, og hefur m.a. að geyma 26 töflur og 7 skýringarmyndir. Hann hefst á nákvæmri lýsingu á samningu framburðarprófsins, og síðan er gerð grein fyrir því hvað var prófað. Birt er yfirlit yfir helstu samhljóðaklasa í íslensku (að mestu byggt á B.A.-ritgerð Sigurðar Konráðssonar (1980), þótt einstöku atriði séu hér á annan veg), og sýnt hverjir klasanna koma fyrir í prófinu. Þá er því lýst hvernig úrvinnsla úr prófinu fór fram, en hún mun að mestu verk Sigurðar, eins og áður segir.

Síðan eru niðurstöður framburðarkönnunarinnar raktar lið fyrir lið. Úr töflum og myndum má lesa mikinn og margvíslegan fróðleik um framburð barnanna og breytingar á honum; í textanum er svo vakin athygli á ýmsum atriðum í töflunum og þær túlkaðar, og helstu niðurstöður dregnar saman. Umfjöllunin skiptist í þrennt; stök samhljóð, framstöðuklasa, og inn- og bakstöðuklasa. Meginniðurstöðurnar eru þær að /s/ og /r/ og klasar með þeim hljóðum eru börnunum þyngst í skauti.

Þessi kafli er vel gerður, umfjöllun skipuleg og niðurstöður skýrt fram settar. Ekki verður annað séð en töflur séu skýrar og túlkun þeirra hófsamleg. Þó má gagnrýna framsetningu á línu- og súlurítum. Á bls. 48 eru tvö línurit af sömu gerð hlið við hlið, en kvarðinn á lóðréttu ásnum er ekki sá sami. Sama gildir um þrjú línurit á bls. 49; þar er að vísu bent á þetta í textanum, en það er samt sem áður ruglandi. Í súluríti á bls. 52 er svo sýndur munur á árangri 8 misaldra hópa 4 og 6 ára barna á framburðarprófi; sá munur virðist vera allmikill, en þegar litið er til þess að grunnlínan táknar 80% rétt svör, virðist manni að svo sé kannski ekki.

Það sem e.t.v. má helst finna að er að ekki sé alltaf tekið nægilegt tillit til þeirra áhrifa sem

hljóðumhverfi geti haft á þau hljóð sem til athugunar eru hverju sinni. Þannig er nefnt að [v] sé stundum sett í stað /f/ í orðinu slaufa. Hér má segja að slaufa hafi verið óheppilegt orð í prófinu, því að meginreglan er sú að orð af þessari gerð hafi [v] en ekki [f]. Því má hugsa sér að þetta frávik stafi af því að börn alhæfi reglu sem þau hafa tileinkað sér, en sé ekki sprottið af erfiðleikum í framburði eins og mörg önnur frávik eru væntanlega.

Einnig þyrfti að gera nánari grein fyrir því hvort miðað er við hljóðfræðilegt svið málsins eða fónemískt svið. Yfirleitt virðist miðað við hljóðfræði, en þó eru t.d. hl-, hn- og hr- í framstöðu taldir klasar, sem er hæpið frá hljóðfræðilegu sjónarmiði. Í yfirliti um bakstöðuklasa á bls. 40 eru klasar í orðum eins og fugl, vagn, fjall, einn, vatn hljóðritaðir með rödduðu [l] og [n]; síðar (t.d. bls. 57, 86, 96-97) eru höfð örödduð hljóð í slíkum orðum, sem örugglega er hljóðfræðilega nær lagi. Í yfirlitinu á bls. 40 eru þessir klasar í bakstöðu settir undir sama hatt og innstöðuklasarnir í t.d. neglur, bjalla, bolli; en í innstöðuklósunum má frekar búast við röddun í /l, n/ og því ekki öruggt að þeir komi eins út í tali barnanna.

Þá má hafa fyrirvara á því hvort eðlilegt sé að lýsa breytingu eins og [c#h] > [k#h] þannig að "lokhljóð breyti um myndunarstað" eða [c#h] > [t#hj] þannig að þar verði "aukning + skipti" (þ.e. skipt sé á [c#h] og [t#h] og [j] aukið inn). Fyrst hl-, hn-, hr- eru taldir klasar hefði verið möguleiki að túlka kj-, gj- einnig sem klasa; og þá hefði flokkun umræddra frávíka orðið á annan veg (brottfall C₂ úr klasa í fyrra skiptið, breyting á myndunarstað án aukningar í það seinna). Ýmislegt bendir til að þessi leið væri eðlilegri. Þannig er t.d. nokkuð um það að fjögurra ára börn skipti á [t#hj] og [c#h] (bls. 76). Þá er talsvert algengt að framgómæltu hljóðin breyti um myndunarstað hjá fjögurra ára börnum, en nær ekkert er um það þegar börnin eru orðin sex ára. Hliðstæð þróun er í framstöðuklósunum þar sem /j/ er annað hljóð, t.d. tj-; brottfall er algengt hjá fjögurra ára börnunum, en nær horfið hjá þeim sex ára. Ef framgómæltu hljóðin eru túlkuð sem klasi (/kj-/ og /gj-/ virðist hegðun þeirra falla mun betur að heildarmyndinni. Að þessu er vikið á einum stað (bls. 59), en það hefði verðskuldað mun meiri athugun.

Fleirtölukaflinn, sem er mun styttri og einfaldari að gerð, mun að mestu vera verk Indriða Gíslasonar, þótt fleiri hafi unnið þar að; þannig samdi Höskuldur Þráinsson upphaflega gerð prófsins sem notað var, og þær Áslaug J. Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir gerðu fyrstu tilraunir með það (sjá Áslaug J. Marinósdóttir & Guðrún Sigurðardóttir 1980). Áslaug vann einnig mikið með þetta próf í B.A.-ritgerð sinni (1983), og eru niðurstöður hennar nýttar í bókinni.

Prófið skiptist í tvennt; annars vegar svokölluð "raunorð", þ.e. íslensk nafnorð, sem búast mátti við að börnin þekktu; hins vegar "bullorð", hljóðaraðir sem samræmst gátu íslensku hljóð- og beygingakerfi, en eru hins vegar ekki til sem íslensk orð --- en gætu verið það. Málkunnátta barnanna hlýtur að koma fram á talsvert mismunandi hátt í þessum tveim flokkum. Í raunorðunum má gera ráð fyrir að fram komi raunverulegur orðaforði barnanna, og kunnátta þeirra í meðferð hans; það má sem sé búast við að þau hafi þegar lært hina réttu fleirtölu þessara orða. Í bullorðunum er að sjálfsögðu ekki um neitt slíkt að ræða. Þau prófa því miklu fremur ómeðvitaðar beygingarreglur barnanna; hvort þau hafa tilfinningu fyrir því að stofn af ákveðnu kyni eða með ákveðið hljóðafar hljóti að fá fleirtölu af ákveðinni gerð. Auðvitað geta svo þessar ómeðvituðu reglur líka komið börnunum til hjálpar í raunorðunum, þótt þar megi gera ráð fyrir að þau byggi fremur á því sem þau hafa heyrt.

Yfirleitt fer börnunum mikið fram í myndun fleirtölu milli 4 og 6 ára aldurs. Því fer þó fjarri að 6 ára börn hafi náð fullu valdi á fleirtölumyndun, og er mikill munur á því og

framburðarþættinum, eins og höfundar benda á. Í ljós kemur að börnin hafa mikla tilhneingingu til að alhæfa -ar-endingu í fleirtölu, bæði á raunorðum og bullorðum; nokkuð hefur þó dregið úr tilhneingunni þegar börnin eru orðin sex ára.

Í úrvinnslu bullorðanna er farin sú leið að telja alltaf eina fleirtölumynd rétta, en aðrar rangar, þar sem fleiri gætu komið til greina. Þar er einkum um að ræða sterk karlkyns- og kvenkynsorð. Í þeim fyrrnefndu er -ar-fleirtala alltaf talin rétt, en þeim síðarnefndu ýmist -ar eða -ir. Þetta orkar tvímælis, svo að ekki sé meira sagt. Mörg karlkynsorðanna gætu nefnilega út frá stofngerð sinni rétt eins fengið aðrar endingar; fleirtalan af *tamur gæti t.d. eins verið *tamir eða *tamrar (með stofnlægu r-i) eins og hin "rétt" mynd *tamar. Raunar er þetta það af sterku karlkynsorðunum sem börnin hafa mesta tilhneingingu til að gefa -ir-fleirtölu, og sú tilhneiging eykst talsvert frá 4 ára aldri (4,3%) til sex ára (9,0%). Það er athyglisvert, því að orð með þessa stofngerð (einhljóð + eitt samhljóð) virðast einmitt mun oftara hafa -ir-fleirtölu en orð af öðrum stofngerðum skv. athugun Eiríks Rögnvaldssonar (1984). Aukning -ir-fleirtölnnar milli 4 og 6 ára aldurs bendir því til að 6 ára börnin séu farin að tileinka sér betur reglur um samband stofngerðar og endingar. Þetta kemur hins vegar ekki fram ef allt annað en -ar er merkt sem frávik, eins og gert er í skýrslunni.

Í sterkum kvenkynsorðum er dálítið annað uppi á teningnum. Þar er -ar-fleirtala sums staðar talin rétt, en -ir annars staðar, t.d. í þeim orðum sem enda á -s, og er þar byggt á þeirri fullyrðingu Eiríks Rögnvaldssonar (1984) að flest slík orð fái -ir-fleirtölu. Fyrst farið er eftir því hefði ekki verið síðri ástæða til að telja -ir-endingu rétta á sumum karlkynsorðanna, eins og nefnt er hér að framan. E.t.v. má segja að litlu máli skipti hvaða ending sé talin "rétt" þegar fleiri en ein kæmi til greina; það megi hvort eð er alltaf lesa út úr töflunum hvaða endingar börnin hafi notað. Eigi að síður er þarna um ósamræmi að ræða, sem getur valdið ruglingi; og í línuritunum er aðeins greint í rétt svör og röng, bæði í raunorðum og bullorðum.

Í kvenkynsorðunum kemur hins vegar einkar vel fram hve tilfinning barnanna fyrir tengslum stofngerðar og endingar hefur aukist milli 4 og 6 ára aldurs; þannig er fleirtalan af *gros *grosir hjá aðeins 8,1% 4 ára barnanna en 38,8% 6 ára barna; *grosar hefur hins vegar hrapað úr 30,1% í 16,5%.

Í seinasta hlutanum kemur ýmislegt forvitnilegt í ljós. Svo virðist sem ýmsir félagslegir þættir geti haft áhrif á málþroska barna. Sú niðurstaða styrkist við það að hið sama virðist koma í ljós í annarri rannsókn sem gerð var um svipað leyti á nokkru eldri börnum, þ.e. athugun Ástu Svavarsdóttur á "þágufallssýki" (sjá Ástu Svavarsdóttur 1982; Ástu Svavarsdóttur, Gísli Pálsson, Þórólf Þórlindsson 1984). Einna athyglisverðust er sú niðurstaða að dvöl á dagheimilum virðist síst verða til að draga úr málþroskanum, heldur auka hann, ef eitthvað er. Eins og höfundar taka skýrt fram, verður vissulega að hafa allan fyrirvara á þegar þessar niðurstöður eru túlkaðar. Eigi að síður eru þær mjög forvitnilegar, og hvetja til nánari athugunar á sambandi félagslegra aðstæðna og málþroska.

Þessi rannsókn hefur margvíslegt gildi, bæði fræðilegt og hagnýtt. Margir málfræðingar telja að ýmis frávik frá máli fullorðinna sem finna má hjá börnum á máltökuskeiði geti gefið mikilsverðar vísbendingar um greiningu ýmissa atriða í máli fullorðinna, eða stutt tilteknar fræðikenningar en mælt gegn öðrum. Sú rannsókn sem hér um ræðir hefur þegar verið notuð í þessu skyni, t.d. í kandiðatsritgerð Sigurðar Konráðssonar (1983) og grein hans í Íslensku máli (1985).

Fyrir kennara og fóstrur hefur þessi rannsókn líka mikið gildi. Eins og höfundar skýrslunnar

benda á, er mjög misjafnt hvernig frávikum í máli fjögurra ára barna reiðir af þegar börnin eru orðin sex ára. Sumar algengar tegundir frávíka hjá fjögurra ára börnum eru nær horfnar tveim árum seinna, og virðist þá lítil ástæða til að hafa áhyggjur af þeim. Aðrar tegundir frávíka eru aftur á móti þess eðlis, að ef þær koma fyrir hjá fjögurra ára börnum má eins búast við að þær sé enn að finna hjá sömu börnum sex ára. Í mörgum tilvikum gæti þá sérstök aðstoð þurft að koma til, svo að framburður þessara barna yrði eðlilegur. Það er auðvitað mjög mikilvægt að hafa einhverjar vísbendingar um hvaða atriði séu líkleg til að lagast af sjálfu sér og hver ekki, til að tími og orka kennara nýtist sem best.

Þótt vegur barnamálsrannsókna hafi farið ört vaxandi erlendis á síðustu tveim til þrem áratugum voru þær óþekktar á Íslandi fyrir 10 árum. Eftir að þeir Indriði og Jón hófu rannsóknir sínar, og farið var að fjalla um máltöku barna í kennslu bæði við Háskólann og Kennaraháskólann, hefur orðið gerbylting þar á; allnokkrar greinar hafa birst um máltöku íslenskra barna bæði í íslenskum og erlendum ritum, og ýmsir nemendur við báða skólana hafa valið sér efni úr barnamálsrannsóknum í lokaritgerð (B.Ed., B.A., cand.mag.). Hér hefur því verið unnið merkt brautryðjendastarf.

Heildardómur um verkið hlýtur að verða að þar komi fram mjög miklar og gagnlegar upplýsingar um máltöku íslenskra barna, og úrvinnslan sé yfirleitt skýr og skynsamleg.

Eiríkur Rögnvaldsson
Háskóla Íslands,
Reykjavík